

**3527. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
fimmtudaginn 2. mars 2023 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2206078 - Reykjavíkurborg - almenn eigendastefna gagnvart B-hlutafélögum**

Almenn eigendastefna Reykjavíkurborgar.

Bæjarráð fól á fundi sínu 27. október sl. bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins. Afgreiðslu málsins frestað.

*Lagt fram.*

**2. 2302150 - Grænir iðngarðar Flóahverfi**

Drög að samningi við Bílaumboðið Öskju ehf. um lóðir í Flóahverfi.

*Bæjarráð samþykkir fyrilliggjandi drög að samningi Akranekaupstaðar og Bílaumboðsins Öskju ehf. vegna lóðanna Garðaflói nr. 1, nr. 2, nr. 3 og nr. 4. Jafnframt samþykkir bæjarráð úthlutun lóðanna til Bílaumboðsins Öskju ehf. til samræmis við efnisákvæði samningsins og felur bæjarstjóra frágang málsins með undirritun samningsins og annarra- gagna sem nauðsynleg eru í þessu samhengi.*

*Samþykkt 3:0*

**3. 2211263 - Jaðarsbakkar - hótel og baðlón - uppbygging**

Viljayfirlýsing frá Ísold fasteignafélagi ehf. þar sem gerð er breyting á kafla 4.6 frá fyrri útgáfu.

Svar við fyrirspurn um veitugjöld vegna framkvæmdar við Jaðarsbakka.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfisráðs tekur sæti á fundinum undir þessum lið sem og undir liðum nr. 4 til og með 6.

*Bæjarráð samþykkir fyrilliggjandi viljayfirlýsingu Ísoldar, Íþróttabandalags Akraness, Knattspyrnufélags Akraness og Akraneskaupstaðar vegna mögulegrar uppbyggingsar á Jaðarsbakka svæðinu sbr. meðfylgjandi fylgiskjal nr. 1 og felur bæjarstjóra frágang málsins með undirritun yfirlýsingarinnar.*

*Samþykkt 3:0*

*U.SKA*

#### 4. 2303008 - Skógarhverfi 5 og 3A - úthlutun mars 2023

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 27. janúar 2023 tillögu skipulags- og umhverfisráðs um að hafin yrði vinna við gerð skilmála og gagna fyrir úthlutun/sölu /útboð á byggingarrétti sem lagðar yrðu fyrir bæjarráð.

Gert var ráð fyrir eftifarandi forsendum:

Einbýlishús; fyrirkomulag verði útdráttur, þar sem, auk gatnagerðargjalds verði lagt á sérstakt byggingarréttargjald, kr. 25.000 á hvern fermetra sem heimilt er að byggja skv. skipulagi, í samræmi við 3. mgr. 6. gr. gjaldskrár Akraneskaupstaðar fyrir gatnagerðargjald nr. 1543/2022.

Annað íbúðarhúsnæði; fyrirkomulag verði útboð á byggingarrétti, þar sem lágmarksgjald með gatnagerðargjaldi verði kr. 65.824 fermetra sem heimilt er að byggja skv. skipulagi, sbr. 2. mgr. 6. gr. gjaldskrár Akraneskaupstaðar fyrir gatnagerðargjald nr. 1543/2022

Framangreindar tölur verði uppfærðar m.t.t. breytinga á byggingarvísitölu þegar úthlutun fer fram.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun nýrra lóða í Skógarhverfi 5 og 3A sem verði með eftifarandi hætti:*

*A. Einbýlishúsalóðir í Tjarnarskógin og Skógarlundi*

- 1. Úthlutun sex einbýlishúslóða í Tjarnarskógin en áætlað er að lóðirnar/svæðið verði byggingarhæfar/byggingarhæft í nóvember næstkomandi.*
- 2. Úthlutun þriggja einbýlishúsalóða í Skógarlundi en lóðirnar eru byggingarhæfar.*

*Úthlutun einbýlishúsalóðanna fer fram með útdráetti á sérstökum úthlutunarfundum sem fer fram þann 11. maí næstkomandi kl. 17:00. Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl nk. og um úthlutunina gilda reglur Akraneskaupstaðar um úthlutun lóða frá 24. nóvember 2020. Vakin er athygli á því að afrit af greiðslukvittun umsækjanda (greiðandi og umsækjandi þarf að vera einn og sami aðili) vegna umsóknargjalds að fjárhæð kr. 200.000 þarf að fylgja með umsókn.*

Sótt er um á <https://300akranes.is/>. Farið er inn á UMSÓKN undir þeirri lóð sem sækja skal um.

*Greiðslur: Helmingur af gatnagerðargjöldum greiðist innan mánaðar frá úthlutun lóðar í bæjarráði og eftirstöðvar í síðasta lagi í nóvember 2023.*

*B. Rað- og fjölbýlishúsalóðir í Tjarnarskógin*

- 1. Ein raðhúsalóð*
- 2. Þrjár fjölbýlishúsalóðir*

*Úthlutun fer með útboðsferli byggingarréttar þar sem sá tilboðsgjafi sem býður hæst verð í byggingarrétt viðkomandi lóðar fær lóðina úthlutaða.*

*Útboðsgögn eru aðgengileg á lóðavef Akraneskaupstaðar <https://300akranes.is/> Tilboðum með umbeðnum gögnum skal skilað á útboðsvefinn <https://akranes.ajoursystem.net> fyrir kl. 10:00 þriðjudaginn 11. apríl 2023.*

*Um framangreindar úthlutanir gildir sú regla að sá aðili sem fær úthlutað lóð hefur ákveðinn tímafest til að hefja uppbyggingu samkvæmt viðmiðunarreglum í gjaldskrá. Gangi það ekki eftir fer lóðin á lista yfir lausar lóðir.*

Samþykkt 3:0

U sfr

**5. 2301276 - Innviðagjald Akraneskaupstaðar**

Á fundi bæjarráðs þann 27. janúar sl. fól bæjarráð bæjarstjóra, á grundvelli 4. mgr. 6. gr. gjaldskrár fyrir gatnagerðargjald í Akraneskaupstað en ákvæðið fjallar um greiðslu lóðarhafa á innviðagjaldi til að standa undir auknum kostnaði vegna endurskipulagningu einstakra svæða, að ganga til samninga við lóðarhafa á Breið, Garðabraut 1 og Smiðjuvöllum 12-22, áður en málsmeðferð vegna skipulagsbreytinga viðkomandi svæða væri að fullu lokið.

Meðfylgjandi eru drög að samningi við lóðarhafa Garðabrautar 1

*Bæjarráð samþykkir fyrilliggjandi drög að samningi við lóðarhafa Garðabrautar 1 og felur bæjarstjóra frágang málsins með undirritun samningsins sem og önnur þau gögn sem málið varða.*

*Samþykkt 3:0*

**6. 2208116 - Fundargerðir 2022 - stjórn fjallskilanefndar**

Stjórn fjallskilaumdæmisins telur þörf á endurskoðun á fjallskilasamþykktum nr. 683/2015 og nr. 714/2015.

Stjórnin felur starfsmanni að vinna minnisblað og senda erindi f.h. stjórnar til sveitarstjórna Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps þar sem óskað er eftir heimild allra sveitarstjórna til að hefja þá vinnu.

*Bæjarráð samþykkir f.h. Akraneskaupstaðar að unnið verði að endurskoðun tilvitnaðra fjallskilasamþykktta enda komi samþykktirnar til formlegrar afgreiðslu bæjaryfirvalda á Akranesi að lokinni þeirri vinnu.*

*Samþykkt 3:0*

*Sigurður Páll Harðarson víkur af fundi.*

**7. 2302013 - Endurskoðun á reglum um fjárhagsaðstoð**

Velferðar- og mannréttindaráð fjallaði um tillögur starfsmanna að nálgun varðandi hækkan á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar árið 2023 og uppfærslu kvarðans í janúar ár hvert.

Leggur velferðar- og mannréttindaráð til við bæjarráð að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar verði kr. 195.159, frá og með 1. mars nk. Ráðið leggur einnig til við bæjarráð að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar taki breytingum til samræmis við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar ár hvert, miðað við vísitölu í nóvember árið áður.

Byggir tillagan á rökstuðningi starfsmanna og samanburði við önnur sveitarfélög.

Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindaráðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið sem og undir dagkrárlíðum nr. 9 og nr. 10.

*Bæjarráð vísar málínu til velferðar- og mannréttindaráðs til frekari rýningar á fjárhagslegum áhrifum ákvörðunarinnar í samvinnu við fjármáladeild.*

*Samþykkt 3:0*

**8. 2302059 - Sérstakur húsnaðisstuðningur - endurskoðun 2023**

Mál 2302059 lagt fram, endurskoðun á hámarki viðmiða sérstaks húsnaðisstuðnings.

Velferðar- og mannréttindaráð fjallaði um framlagt minnisblað starfsmanna og samanburð við önnur sveitarfélög og leggur til við bæjarráð að hámark samanlagðra húsaleigubóta og sérstaks húsnaðisstuðnings verði 90.000 kr.

*Bæjarráð vísar málínu til velferðar- og mannréttindaráðs til frekari rýningar á fjárhagslegum áhrifum ákvörðunarinnar í samvinnu við fjármáladeild.*

*Samþykkt 3:0*

**9. 2302155 - Umsókn um stofnframlag til byggingar búsetukjarna fyrir fatlaða**

Málið lagt fram til kynningar.

Uppbygging sex íbúða búsetukjarna fyrir fatlað fólk sem er fyrirhugaður við Tjarnaskóga 15.

Velferðar- og mannréttindaráð fjallaði um fyrirhugaða uppbyggingu og vísar málínu til bæjarráðs.

*Staða málsins kynnt og bæjarstjóra falin frekari úrvinnsla málsins í samstarfi við sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs.*

*Samþykkt 3:0*

*Hildigunnur Árnadóttir og Sveinborg Kristjánsdóttir víkja af fundi.*

**10. 2212093 - Styrkir til menningartengdra verkefna árið 2023**

Menningar- og safnanefnd fóli verkefnastjóra að koma tillögum nefndarinnar um styrkveitingar til afgreiðslu bæjarráðs sem fer með endanlega ákvörðun úthlutunarinnar.

Sigrún Ágústa Helgudóttur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun menningar og safnanefnar til menningartengdra verkefna árið 2023 en alls var úthlutað kr. 3.520.000 kr. til eftirfarandi 16 verkefna:*

*Undir yfirborðinu, málverkasýning Aldísar Petru - kr. 100.000.*

*Straumar, skúlpúrar úr leir, Guðný Sara Birgisdóttir - kr. 100.000.*

*Tónlistarverkefni, Smiðjuloftið - kr. 100.000.*

*Artic Light, málverkasýning Jaclyn Ashley Pouchel - kr. 100.000.*

*Flýttu þér hægt, myndlistarviðburður Angelu Árnadóttur - kr. 150.000.*

*Söngstundir í leikskólum með Hafðísi Huld - kr. 175.000.*

*Hinseginhátið Vesturlands Akranesi - kr. 195.000.*

*Blái þráðurinn, hönnunarsýning Ásu Katrínar Bjarnadóttur - kr. 200.000.*

*Ulf*

*Kvikmyndaverk, Tengsl sonar og móður, Muninn kvikmyndagerð - kr. 200.000.  
Tónleikar á Írskum dögum, Rokkland ehf - kr. 300.000.  
Söngleikurinn Hlið við hlið, nemendafélag FVA - kr. 300.000.  
Skaginn syngur inn jólin, Eigið fé - kr. 300.000.  
Vefsíða um knattspyrnusögu Akraness, Á sigurslóð, Jón Gunnlaugsson - kr. 300.000.  
Tónleikar á sjómannadaginn, Amma og úlfarnir - kr. 300.000.  
Söngleikurinn Nornaveiðar, Grundaskóli - kr. 300.000.  
Samsýning listamanna, Listfélag Akraness - kr. 400.000.*

*Samþykkt 3:0*

**11. 2211194 - Reglur um útleigu sala í eigu Akraneskaupstaðar**

Reglur um útleigu á sal að Dalbraut 4, gjaldskrá og samningsform.

Valdís Eyjólfssdóttir verkefnastjóri og Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála taka sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir fyrilliggjandi reglur og samningsform vegna útleigu salar á Dalbraut 4 með tilteknum breytingum.*

*Samþykkt 3:0*

*Valdís Eyjólfssdóttir og Heiðrún Janusardóttir víkja af fundi.*

**12. 2302070 - Hnefaleikafélag Akraness - málefni**

Húsnæðismál Hnefaleikafélags Akraness.

Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs tekur sæti á fundinum undir þessum lið sem og undir lið nr. 13.

*Húsnæðið sem var til skoðunar stenst ekki kröfur sem gerðar eru vegna íþróttastarfsemi og kemur því ekki til greina.*

*Samþykkt 3:0*

**13. 2206180 - Þjónustubörf leikskóla skólaárið 2022-2023**

Sértaekar stuðningsþarfir í leikskóla.

Kostnaður við 80% stöðuhlutfall fyrir 11 mánaða tímabil er kr. 5.665.451,-  
Heildarupphæðin sem óskað er eftir er því kr. 11.330.902,-

Anney Ágústsdóttir verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir erindið.*

*Bæjarráð samþykkir að veita fjármunum, samtals að fjárhæð kr. 11.331.000, til að mæta þeim útgjöldum sem af þessu skapast og er ráðstafað af lið 20830-4995 og er fært inn á deild 04100-1691.*

*Samþykkt 3:0*

U SFR

Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 3 við fjárhagsáætlun 2023 til samræmis við framangreint og vísar til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

Dagný Hauksdóttir og Anney Ágústsdóttir víkja af fundi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:30.

Hilf hánusrotir  
Valgaður S. Þóress  
Ragnar Þórss  
Jón Frøy fréttasari  
Lennart Löfgren